



Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
Atvinnuveganefnd
Austustræti 8-10
150 Reykjavík

9. desember, 2020

Efni: Umsögn um þingskjal 468 – 376. mál

Til umfjöllunar er hvort breyta eigi tímabundið fyrirkomulagi útboðs tollkvóta á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu þannig að hætt verði með jafnvægisútboð þar sem öllum tollkvótum sé úthlutað á því lægsta verði sem klárar tollkvóta og tollkvótum þess í stað úthlutað til hæstbjóðenda á þeim verðum sem hver bauð.

Í samningi við ESB, sem gerður var árið 2015, var samið um mikla aukningu á tollkvótum. Fyrst og fremst var um að ræða mikla aukningu nauta-, svína- og alifuglakjöts ásamt unnum kjötvörum og pylsum sem að mestu eru framleiddar úr svína- og alifuglakjöti en **heildarmagn tollkvóta á þessum vörum fór úr 650 tonnum í 3.206 tonn**. Langstærsti hluti innflutnings kemur beinlaus til landsins en miðað við að 1/3 hluti skroks fari í afskurð í formi beina, sína og fitu má áætla að innflutt magn í heilum skrokkum sé um 4.800 tonn eða um **fjórðungur af innlendri framleiðslu þessara þriggja kjötttegunda**.

Það magn sem tollkvótar ná yfir mun ætíð verða flutt inn í öllum helstu vöruflokkunum. Ef eitthvað áfall verður á markaði eins og nú þegar þörf er á færri máltíðum innanlands á hverjum degi vegna hruns í komu ferðamanna mun innflutningur ekki dragast saman heldur mun innlend framleiðsla verða fyrir miklu höggi.

Núverandi vandamál innlendrar landbúnaðarframleiðslu er ekki sú breyting sem gerð var á fyrirkomulagi við útboð tollkvóta þegar jafnvægisútboðsleiðin var tekin upp heldur fyrst og fremst sú staða að **magn tollkvóta er einfaldlega allt of mikið**.

Þannig mun minnkandi eftirspurn alltaf lenda á innlendum framleiðendum sem þurfa þá annaðhvort að minnka sína framleiðslu, sem getur í sumum tilfellum tekið 2-3 ár, eða sætta sig við lægra afurðaverð.

Það er ljóst að engin ein leið er góð fyrir alla aðila. Með því að fara frekar í einhliða minnkun á tollkvótum en halda jafnframt áfram með jafnvægisútboð er hugsanlegt að koma megi til móts við bæði sjónarmið innflytjenda og innlendra framleiðenda. Innlendir framleiðendur fá tækifæri til að nýta sínar fjárfestingar og fastan kostnað betur með tilheyrandi atvinnusköpun í úrvinnslu afurða og innflytjendur fá áfram aðgang að tollkvótum á lægsta mögulega verði sem rúmast innan þess magns sem í boði er innan tollkvóta.

Meðfylgjandi tafla sýnir innflutning landbúnaðarafurða í kílóum eftir tegundum árin 2016-2020



Tegund	Allt árið				Áætlað miðað við fyrstu 10 mán 2020	Meðaltal innflutnings á ári
	2016	2017	2018	2019	2020	
0202 - Nautakjöt	672.676	851.403	830.013	817.692	702.658	774.888
0207 - Alifuglakjöt	1.353.367	1.399.950	1.381.634	1.369.910	1.328.311	1.366.634
- þar af Endur	75.219	70.409	78.201	84.434	66.773	75.007
0203 - Svínakjöt	975.763	1.368.135	904.571	1.281.385	749.552	1.055.881
0210 - Reykt, þurrkað, saltað kjöt	174.583	220.254	216.447	139.222	81.834	166.468
1601 - Pylsur	66.440	150.405	151.369	188.926	226.321	156.692
1602 - Unnar kjötvörur	220.518	472.025	470.752	524.283	646.316	466.779
Samtals	3.463.347	4.462.172	3.954.786	4.321.418	3.803.786	4.001.102

Með því að færa t.d magn tollkvóta niður um u.þ.b. 50% af meðalinnflutningi síðustu ára væri staðan allt önnur og magn tollkvóta orðið nær eðlilegri eftirspurn og jafnvægisútboð mundi virka vel fyrir innflytjendur. Tollvernd yrði þá minni en fyrir tollsamninginn 2015 en samt ekki óveruleg eins og á árinu 2020 þar sem jafnaðarverð á tollflokki 1601 var 10 kr/kg og á tollflokki 0210 5 kr/kg en reyktar og unnar kjötvörur eru yfirleitt hryggjarstykki í íslenskri kjötvinnslu. Það að flytja inn unnar kjötvörur jafnast við það að flytja fisk úr landi óunnin. Þannig má segja að með því að stórauka tollkvóta á unnum kjötvörum eru Íslendingar að flytja störf og virðisauka úr landi.

Ef þessi leið væri farin væri samt um 1800 tonn af kjöti innan tollkvóta. Er það næstum þreföldun á tollkvótum miðað við tollsamning frá 2007. Þannig væri hægt að sjá fyrir sér tollkvóta í eftirfarandi magni:

0202 – Nautakjöt	385 tonn
0203 – Svínakjöt	525 tonn
0207 – Alifuglakjöt	400 tonn
**0207 – Alifuglakjöt, Lífrænt	200 tonn
0207 – Endur	80 tonn
Samtals alifuglakjöt	680 tonn
0210 – Reykt, þurrkað og salt	50 tonn
1601 – Pylsur	50 tonn
1602 – Unnar kjötvörur	100 tonn

Virðingarfyllt f.h. Matfugls ehf og Síldar og fiskis ehf

Sveinn Jónsson

Sveinn Vilberg Jónsson, framkvæmdastjóri